

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

25. september 2006

Með bréfi dagsettu 8. september 2006 lagði Alcoa Fjarðaál, kt. 520303-4210, sem verður rekstraraðili álvers í Reyðarfirði, sbr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fram umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir álver sitt í Reyðarfirði. Við nánari athugun hefur komið í ljós að í umsóknina vantaði, sbr. grein 10.5 í reglugerð nr. 785/1999, annars vegar staðfestingu á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði 3. gr. reglugerðar, nr. 1078/2005 um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar, og hins vegar áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar, byggða á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði reglugerðar, nr. 465/1998 með síðari breytingum, um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda. Alcoa Fjarðaál dregur því fyrri umsókn sína um starfsleyfi til baka og leggur hér með inn nýja umsókn um starfsleyfi fyrir álver sitt sem er í byggingu við Hraun í Reyðarfirði.

Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi fyrir álverið þann 14. mars 2003, þá í nafni Reyðaráls ehf. kt. 600100-2380. Með þessari umsókn er sótt um nýtt starfsleyfi vegna aukinnar framleiðslugetu auk breytinga á hráefnum, sem hafa áhrif á útblástursgildi. Einnig er farið fram á aðrar minni háttar breytingar á starfsleyfinu, sem ekki munu hafa áhrif á umhverfið og eru þær tilteknar í umsókninni.

Nýtt mat á umhverfisáhrifum álversins hefur farið fram í samræmi við niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í janúar 2005, sem síðar var staðfest af Hæstarétti í júní 2005. Umhverfismatsferlinu lauk með álitni Skipulagsstofnunar þann 31. ágúst síðastliðinn. Í álitinu fellst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með tilteknum skilyrðum.

Framkvæmdinni er lýst í meðfylgjandi matsskýrslu frá júlí 2006. Drög að tillögu að nýju starfsleyfi voru unnin í samráði við Umhverfisstofnun samhliða matsferlinu með samþykki Skipulagsstofnunar, sbr. 17. gr. laga nr. 106/2000, og kynnt með matsskýrslunni í Viðauka 1. Helstu breytingar frá fyrri starfsleyfi sem lagðar eru til í nýjum drögum að tillögu að starfsleyfi eru:

1. Framleiðslugeta álversins hefur aukist úr 322.000 tonnum á ári í 346.000 tonn á ári, sem er sú hámarks framleiðslugeta sem talið er mögulegt að ná yfir lengri tíma.
2. Brennisteinsinnihald rafskauta hefur aukist frá fyrri áætlunum sem gildandi starfsleyfi byggir á. Brennisteinsinnihald rafskauta verður nú 1,8% sem leiðir til 13,29 kg/t áls útblásturs af SO₂. Loftdreifingarreikningar sem kynntir eru í matsskýrslu sýna að með þessu útblástursgildi, fyrirhuguðum hreinsivirkjum og 78 m háum

reykháfi, mun álver Alcoa Fjarðaáls uppfylla öll umhverfismörk fyrir SO₂ sem í gildi eru.

3. Í matsskýrslunni og drögum að tillögu að starfsleyfi er miðað við umhverfismörk fyrir flúoríð 0,3 µg/m³ af vetnisflúoríði (HF) sem meðaltal yfir gróðrartímabilið, sem eru sömu mörk og Umhverfisstofnun hefur miðað við í öðrum álverum á Íslandi (byggt á norskum viðmiðunarmörkum). Alcoa Fjarðaál er þeirrar skoðunar að nýtt starfsleyfi fyrir álver fyrirtækisins eigi að miða við þessi sömu mörk, sbr. t.d. grein 1.1. í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og almenna jafnræðisreglu stjórnsluréttar.

Alcoa Fjarðaál fer fram á að Umhverfisstofnun afgreiði umsókn fyrirtækisins um nýtt starfsleyfi með eins skjótum hætti og unnt er til að tryggja að nýtt starfsleyfi liggja fyrir með góðum fyrirvara áður en en vinnsla áls hefst í kerskála álversins, sem er fyrirhugað í apríl 2007.

Virðingarfyllst



Tómas Már Sigurðsson
Forstjóri, Alcoa Fjarðaál sf.

Fylgiskjöl:

1. Umsókn um starfsleyfi
2. Álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Ársframleiðslugeta allt að 346.000 tonn. Matsskýrsla. Júlí 2006.
3. Álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Mat á umhverfisáhrifum. Álit Skipulagsstofnunar. 31. ágúst 2006.
4. Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
5. Áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar.

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

8. september 2006

Alcoa Fjarðaál, kt. 520303-4210, sem verður rekstraraðili álvers í Reyðarfirði, sbr. 5. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, leggur hér með inn meðfylgjandi umsókn um starfsleyfi fyrir álver sitt sem er í byggingu við Hraun í Reyðarfirði. Umhverfisstofnun gaf út starfsleyfi fyrir álverið þann 14. mars 2003, þá í nafni Reyðaráls ehf. kt. 600100-2380. Með þessari umsókn er sótt um nýtt starfsleyfi vegna aukinnar framleiðslugetu auk breytinga á hráefnum, sem hafa áhrif á útblástursgildi. Einnig er farið fram á aðrar minni háttar breytingar á starfsleyfinu, sem ekki munu hafa áhrif á umhverfið og eru þær tilteknaðar í umsókninni.

Nýtt mat á umhverfisáhrifum álversins hefur farið fram í samræmi við niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í janúar 2005, sem síðar var staðfest af Hæstarétti í júní 2005. Umhverfismatsferlinu lauk með álitni Skipulagsstofnunar þann 31. ágúst síðastliðinn. Í álitinu fellst Skipulagsstofnun á framkvæmdina með tilteknum skilyrðum.


Framkvæmdinni er lýst í meðfylgjandi matsskýrslu frá júlí 2006. Drög að tillögu að nýju starfsleyfi voru unnin í samráði við Umhverfisstofnun samhliða matsferlinu með samþykki Skipulagsstofnunar, sbr. 17. gr. laga nr. 106/2000, og kynnt með matsskýrslunni í Viðauka 1. Helstu breytingar frá fyrra starfsleyfi sem lagðar eru til í nýjum drögum að tillögu að starfsleyfi eru:

1. Framleiðslugeta álversins hefur aukist úr 322.000 tonnum á ári í 346.000 tonn á ári, sem er sú hámarks framleiðslugeta sem talið er mögulegt að ná yfir lengri tíma.
2. Brennisteinsinnihald rafskauta hefur aukist frá fyrri áætlunum sem gildandi starfsleyfi byggir á. Brennisteinsinnihald rafskauta verður nú 1,8% sem leiðir til 13,29 kg/t áls útblásturs af SO₂. Loftdreifingarreikningar sem kynntir eru í matsskýrslu sýna að með þessu útblástursgildi, fyrirhuguðum hreinsivirkjum og 78 m háum reykháfi, mun álver Alcoa Fjarðaáls uppfylla öll umhverfismörk fyrir SO₂ sem í gildi eru.
3. Í matsskýrslunni og drögum að tillögu að starfsleyfi er miðað við umhverfismörk fyrir flúoríð 0,3 µg/m³ af vetnisflúoríði (HF) sem meðaltal yfir gróðrartímabilið, sem eru sömu mörk og Umhverfisstofnun hefur miðað við í öðrum álverum á Íslandi (byggt á norskum viðmiðunarmörkum). Alcoa Fjarðaál er þeirrar skoðunar að nýtt starfsleyfi fyrir álver fyrirtækisins eigi að miða við þessi sömu mörk, sbr.

t.d. grein 1.1. í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og almenna jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar.

Alcoa Fjarðaál fer fram á að Umhverfisstofnun afgreiði umsókn fyrirtækisins um nýtt starfsleyfi með eins skjótum hætti og unnt er til að tryggja að nýtt starfsleyfi liggi fyrir með góðum fyrirvara áður en en vinnsla áls hefst í kerskála álversins, sem er fyrirhugað í apríl 2007.

Virðingafyllst



Tómas Már Sigurðsson
Forstjóri, Alcoa Fjarðaál sf.

Fylgiskjöl:

1. Umsókn um starfsleyfi
2. Álver í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Ársframleiðslugeta allt að 346.000 tonn. Matsskýrsla. Júlí 2006.
3. Álver Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði, Fjarðabyggð. Mat á umhverfisáhrifum. Álit Skipulagsstofnunar. 31. ágúst 2006.